

Samningur

mennta- og barnamálaráðuneytis við Lyfjæftirlit Íslands um starfsemi

Mennta- og barnamálaráðuneyti, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt *ráðuneytið*, og Lyfjæftirlit Íslands (LÍ), kt. 580618-1110, gera með sér svofelldan samning:

1. Markmið og starfsemi

1.1. Meginmarkmið með samningi þessum eru að:

- Sinna lyfjæftirliti í íþróttum á Íslandi í samræmi við alþjóðasamninga UNESCO og Evrópuráðsins um lyfjæftirlit og lyfjareglur Alþjóðalyfjæftirlitsstofnunarinnar, (e. World Anti Doping Agency, WADA) sbr. 3. gr. a. íþróttalaga, nr. 64/1998, lögum Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, lyfjareglum Lyfjæftirlits Íslands og skipulagsskrá fyrir Lyfjæftirlit Íslands nr. 477/2018.
- Tryggja framgang stefnu málefna sviðs 18 í málaflokki 18.4 sbr. fjármálaáætlun 2023-2027.

1.2. Lyfjæftirlit Íslands skuldbindur sig til að:

- Skipuleggja og framkvæma lyfjæftirlit á Íslandi. Stofnunin birtir og kynnir bannlista WADA um efni sem óheimilt er að nota í íþróttum.
- Standa að fræðslu og forvörnum gegn lyfjamisnotkun.
- Hvetja til rannsókna sem tengjast starfi þess og markmiðum.
- Vekja athygli á málafloknum og taka þátt í umræðum um hann.
- Sinna lyfjæftirliti og fræðslustarfi hjá aðilum sem standa utan Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands samkvæmt samkomulagi við þá aðila. Skal það framkvæmt í samræmi við ofangreinda alþjóðasamninga og lög.
- Taka þátt í alþjóðastarfi sem lýtur að alþjóðasamningum UNESCO, Evrópuráðsins og lyfjareglna WADA.
- Taka þátt í starfi eftirlitsnefndar (e. the Monitoring Group of the Anti-Doping Convention) samnings Evrópuráðsins gegn misnotkun lyfja í íþróttum og skila ráðuneytinu upplýsingum um þá starfsemi.
- Sinna fræðslu- og forvarnarstarfi í samstarfi við hagsmunaaðila vegna samnings Evrópuráðsins um hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum (e. the Macolin Convention):
 - Útbúa fræðslufyrirlestra fyrir íþróttahreyfinguna og standa fyrir fræðslufundum.
 - Útbúa annað fræðsluefni s.s. myndbönd og annað rafrænt fræðsluefni
 - Þróa frekara samstarf við hagsmunaaðila.
- Taka mið af stefnu ráðuneytisins í íþróttamálum.

2. Forsendur samnings og lagaheimildir

- 2.1. Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki fjármála- og efnahagsráðherra skv. 1. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál.
- 2.2. Ráðuneytið gerir samning þennan á grundvelli heimildar í 40. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015.
- 2.3. Verkefnið sem samningur þessi kveður á um fellur undir stefnu ráðherra í málaflokki íþróttá- og æskulýðsmála 18.4, sbr. 20. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015.

CATED
S

- 2.4. Lyfjæftirlit Íslands skal hafa kynnt sér lög og reglugerðir sem gilda um verkefnið og skuldbindur sig til að starfa samkvæmt þeim. Vakin er sérstök athygli samningshafa á eftirfarandi lagabálkum: Íþróttalög nr. 64/1998, lög um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga nr. 46/2016, lög um opinber innkaup nr. 120/2016 og lög um opinber fjármál nr. 123/2015.
- 2.5. Lyfjæftirlit Íslands starfar í samræmi við lög og reglugerðir sem eiga um umsamda starfsemi og verkefni, en einnig, eftir því sem við á eftir lögum og reglugerðum um rekstur aðila sem ekki eru ríkisaðilar en veita opinbera þjónustu sem er kostuð að verulegu eða öllu leyti af framlögum ráðuneytisins. Eftirfarandi lög kunna því einnig m.a. að eiga við:
- Upplýsingalög nr. 140/2012.
 - Stjórnsýslulög nr. 37/1993.
 - Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

3. Framlag

- 3.1. Heildarskuldbinding samningsins er 112,5 m.kr. og árlegt framlag ráðuneytisins því 37,5 m.kr. á samningstímanum.
- 3.2. Framlag í samningi þessum kemur frá málaflakki 18.14 – Íþróttir og æskulýðsmál og fellur undir stefnu ráðherra á málefnasviði 18 sbr. 20. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.
- 3.3. Gerður er fyrirvari um að stjórnvöld kunna að ákveða aðhaldsaðgerðir við samþykkt fjárlaga og á Lyfjæftirlit Íslands ekki kröfu á ríkissjóð eða rétt á bótum þótt framlag til samningsins verði lækkað eða fellt niður. Séu gerðar almennar aðhaldskröfur af hálfu ríkisins til málaflakks 18.4 er heimilt að gera sömu kröfur til aðhalds í rekstri verkefna sem fellur undir málaflakki 18.4 og hjá Lyfjæftirliti Íslands. Komi til lækkunar á fjárveitingu til verkefnisins skulu samningsaðilar taka upp viðræður um að aðlaga verkefnið að breyttri fjárveitingu. Allar breytingar á ákvæðum samnings þessa skulu aðilar gera skriflega í viðauka.
- 3.4. Fjárhagsleg ábyrgð ráðuneytisins vegna þess verkefnis sem samningur þessi tekur til takmarkast við þær fjárhæðir sem samningurinn kveður á um.
- 3.5. Árlegt framlag verður greitt í tólf jöfnum hlutum fyrsta dag hvers mánaðar. Greitt verður inn á bankareikning viðskiptabanka Lyfjæftirlits Íslands enda uppfyllir samningshafi öll skilyrði og kröfur sem samningur þessi kveður á um.

4. Ábyrgð Lyfjæftirlits Íslands

- 4.1. Lyfjæftirlit Íslands ber ábyrgð á starfsemi sem samningur þessi tekur til og að hún fullnægi þeim kröfum sem samningur þessi kveður á um, þ. á m. um að hún sé í samræmi við þau lög og reglur sem nefndar eru í grein 1.1. Lyfjæftirlit Íslands skal geta lagt fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað af hálfu ráðuneytisins.
- 4.2. Lyfjæftirlit Íslands ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við samning þennan.
- 4.3. Lyfjæftirliti Íslands er óheimilt að:
- afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
 - framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

5. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála og verkefna

5.1. Ráðuneytið fer með eftirlit með framkvæmd samningsins.

5.2. Lyfjaeftirlit Íslands skilar ráðuneytinu:

- Áætlun um rekstur ásamt starfsáætlun, þar sem fram komi m.a. helstu starfsmarkmið sem unnið verður að, fyrir lok febrúar ár hvert.
- Upplýsingum um ný verkefni eða breytingar sem kunna að verða á rekstri Lyfjaeftirlits Íslands.
- Endurskoðaðan ársreikning ársins á undan með skýringum, fyrir lok júní ár hvert. Jafnframt skal senda Ríkisendurskoðun afrit af ársreikningi.

5.3. Eigi Lyfjaeftirlit Íslands í viðskiptum við lögaðila sem það á eignarhluta í eða er í eigu fjárhagslegra tengdra aðila svo sem stjórnenda hans, eða annarra aðila, skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi.

5.4. Fulltrúar ráðuneytis og Lyfjaeftirlits Íslands funda að lágmarki árlega um samninginn og framkvæmd hans. Fyrir lok nóvember skilar Lyfjaeftirlit Íslands ráðuneytinu greinargerð um framkvæmd samningsins þar sem fram komi m.a. staða verkefna og hvernig framlagi var ráðstafað miðað við áætlun. Einnig skal gera grein fyrir mælikvörðum og viðmiðum sem lögð eru til grundvallar árangri á verkefnum.

5.5. Lyfjaeftirlit Íslands veitir ráðuneytinu upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins eða vegna opinberrar upplýsingagjafar. Ráðuneytið hefur heimild til að gera sjálft eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samningsins. Í því sambandi hefur það óheftan aðgang að öllum gögnum sem máli skipta, þar á meðal fundargerðum, skrám, fylgiskjölum, skýrslum, bókum og bréfum.

5.6. Samning þennan, ársreikning Lyfjaeftirlits Íslands, greinargerð um framkvæmd samnings og úttektarskýrslur skal birta á vef Lyfjaeftirlits Íslands jafnóðum og þessi gögn liggja fyrir. Ráðuneytinu er heimilt að birta gögnin á vef sínum.

5.7. Halda skal fjárreiðum og reikningshaldi Lyfjaeftirlits Íslands vegna samnings þessa aðgreindu frá öðrum fjárreiðum, bókhaldi og eignum Lyfjaeftirlits Íslands.

5.8. Að því leyti sem Lyfjaeftirlit Íslands fæst við önnur verkefni en felast í framkvæmd þjónustusamnings þessa skal gera grein fyrir fjárreiðum þeirra í ársreikningi Lyfjaeftirlits Íslands.

6. Vanefndir og meðferð ágreinings

6.1. Lyfjaeftirlit Íslands tilkynnir ráðuneytinu tafarlaust ef það telur vafa leika á um að það geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt greinir stofnunin frá úrræðum sem hún hyggst grípa til.

6.2. Ráðuneytinu er heimilt að fresta, draga úr eða stöðva greiðslur uppfylli Lyfjaeftirlit Íslands ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.

6.3. Ráðuneytinu er heimilt að rifta samningi þessum eða endurkrefja um greiðslur, að hluta til eða í heild, ásamt kostnaði við innheimtu, uppfylli Lyfjaeftirlit Íslands ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.

6.4. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.

6.5. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

7. Gildistími og lok samnings

7.1. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2023 til 31. desember 2025.

7.2. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.


- 7.3. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.
- 7.4. Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili einu eintaki, auk þess sem fjármála- og efnahagsráðuneyti heldur eintaki.

Reykjavík, 26. janúar 2023




mennta- og barnamálaráðherra

Ásmundur Einar Daðason



f.h. Lyfjæftirlits Íslands

Skúli Skúlason



fjármála- og efnahagsráðherra

Samningur staðfestur

skv. 1. mgr. 40. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015